

# Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar  
Árið 2023, þriðjudaginn 23. maí kl. 10:25 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1210. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 2. hæð Borgartúni 12-14, Bergvík.  
Fundinn sátu: Nikulás Úlfar Másson, Edda Þórsdóttir, Sigrún Reynisdóttir og Kristín B. I Sverrisdóttir.  
Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

## Þetta gerðist:

- Álftamýri 79 - USK23040003** Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og koma fyrir aflokuðu rými fyrir leirbrennsluofni með útloftun um núverandi skorstein í kjallara suðurálmú Álftamýrarskóla á lóð nr. 79 við Álftamýrarskóla.  
Gjald kr. 14.000.  
*Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.*
- Brautarholt 26 - USK23030085** Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi 1. hæðar í matshluta nr. 01 fyrir segulómrannsóknarstöð, jafnframt er gerður nýr inngangur frá götu á norðurhlið húss nr. 26 á lóð nr. 26-28 við Brautarholt.  
Erindi fylgir: Yfirlit breytinga, greinargerð hljóðvistar dags. 17. febrúar 2023, afrit fundargerðar húsfélags dags. 15. desember 2022. Umsögn samgöngudeildar í tölvupósti dags. 26. apríl 2023.  
Gjald kr. 14.000.  
*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
- Depluhólar 4 - BN061601** Sótt er um leyfi til að breyta útliti á húsi og skipulagi lóðar, þ.e. tröppur upp á svalir felldar út, gluggar síkkaðir og komið fyrir hurð í stað glugga á suðausturhlið, gluggar síkkaðir og komið fyrir hurð á suðvesturhlið, lóð lækkuð, bætt aðgengi og umferðarleiðir innan lóðar og að húsi, steipt setlaug og stoðveggir á lóðarmörkum húss á lóð nr. 4 við Depluhóla. Erindi fylgir umboð eiganda dags. 6. október 2022, bréf eiganda, rökstuðningur vegna breytinga dags. 11. október 2022, samþykki aðliggjandi lóðarhafa nr. 2 við Depluhóla og nr. 1 við Erluhóla. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar sem samþykktir voru þann 12. júlí 1984. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 20. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 20. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2022. Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. febrúar 2023. Erindi fylgir samþykki náganna, skjalfært þann 17. apríl 2023. Gjald kr. 13.200. BN061601  
*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðarmörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Sérstakt samráð skal hafi við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
- Efstasund 21 - USK23040089** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. breytingar á burðarvirki og innra skipulagi jarðhæðar í húsi á lóð nr. 21 við Efstasund.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 26. apríl 2023.  
Gjald kr. 14.000.  
*Frestað. Umsækjandi hafi samband við embættið.*

5. **Einimelur 12 - USK23040091** Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu á bakhlið ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi, breyttu svalahandriði og setlaug í garði einbýlishúss á lóð nr. 12 við Einimel.  
Erindi fylgir skuggavarp og bréf hönnuðar dags. 13. apríl 2023.  
Stækkun: 49,6 ferm.  
Eftir stækkun, A-rými: 292,5 ferm., 885,7 rúmm.  
B-rými: 44,5 ferm.  
Gjald kr. 14.000.  
*Frestað. Skipulagsferli ólokið.*
6. **Fífurimi 13 - BN061780** Sótt er um leyfi til að reisa timburtengibyggingu með einhalla þaki við leikskólann Fífuborg og breyta innra skipulagi húss á lóð nr. 13 við Fífurima.  
Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.  
Stærð eftir br.: xx,x ferm., 3.011,3 rúmm.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 15. nóvember 2022.  
Gjald kr. 13.200.  
*Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.*
7. **Garðsstaðir 39 - USK23040102** Sótt er um leyfi til að stækka núverandi hús, þannig að hlið sem snýr til suðvesturs lengist um 4 metra og verður allur frágangur útveggja, glugga, þaks og kanta í samræmi við það sem fyrir er, í húsi á lóð nr.39 við Garðsstaði.  
Erindi fylgir hæðarblað dags. 12.mars 1997.  
Stækkun: 37 ferm., 139 rúmm.  
Gjald kr.14.000.  
*Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.*
8. **Granaskjól 12 - BN061364** Sótt er um leyfi til að reisa bílgeymslu úr forsteyptum einingum með einhalla hefðbundnu timburþaki í norðaustur horni lóðar við hús á lóð nr. 12 við Granaskjól.  
Stækkun: 32,0 ferm., 112,0 rúmm.  
Erindi fylgir afrit umsagnar skipulagsfulltrúa vegna fyrirspurnar dags. 26. apríl 2018, uppfært eyðublað umsóknar dags. 28. nóvember 2022, bréf umsækjanda vegna samþykki eigenda, dags. 28. nóvember 2022, afrit állts kærunefndar húsamála, mál nr. 74/2020 og afrit óundirritaðrar eignaskiptayfirlýsingar dags. janúar 2015.  
Erindi var grenndarkynnt frá 29. mars til og með 4. maí 2023. Engar athugasemdir bárust.  
Gjald kr. 12.600.  
*Frestað. Lagfæra skráningu.*
9. **Grundargerði 11 - BN061828** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum framkvæmdum, þ.e. niðurgráfin steypert kartöflugeymsla vestan við núverandi bílgeymslu, jafnframt er sótt um leyfi til að stækka bílgeymslu, mhl. 02, um er að ræða síkkun á undirstöðum og gera kjallara, aðgengi verður um tröppur vestan við núverandi skúr við hús á lóð nr. 11 við Grundargerði.  
Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.  
Stærð eftir breytingar: 85,2 ferm., 216,3 rúmm.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga, húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 24. apríl 2023 og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dgas. 27. október 2022.  
Gjald kr. 13.200.  
*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.*
10. **Hjallavegur 52 - USK23040167** Sótt er um leyfi til þess að byggja stakstæða bílgeymslu, mhl.02, með geymslulofti að hluta og tilheyrir íbúð xxxx, í tvíbýlishúsi á lóð nr.52 við Hjallaveg.  
Stærð mhl.02: 29.6 ferm., 98.3 rúmm.  
Gjald kr. 14.000.  
*Frestað. Vísað til athugasemda.*

11. **Hæðargarður 14 - USK23040026** Sótt er um leyfi til þess að byggja geymslur, mhl.02 við lóðarmörk til vesturs, hækka þak, byggja tvo kvisti, svalir og viðbyggingu með þaksvölum til suðurs ásamt því að breyta innra skipulagi íbúðar 0201 í íbúðarhúsi mhl.01, á lóð nr. 14 við Hæðargarð.  
Stækkun mhl.01 4.2 ferm., 167.5 rúmm..  
Stærðir mhl.02: 22.0 ferm., 70.4 rúmm.  
Nýtingarhlutfall: 0.54  
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa húsa nr. 14 og 16 dags. 26. mars 2023 ásamt yfirliti breytinga á afriti af aðaluppdrætti samþykktum 14. júlí 1949.  
Gjald kr. 14.000.  
*Frestað. Vísað til athugasemda.*
12. **Hæðargarður 16 - USK23040027** Sótt er um leyfi til þess að byggja geymslur, mhl.02 við lóðarmörk til vesturs, hækka þak, byggja tvo kvisti, svalir og viðbyggingu með þaksvölum til suðurs ásamt því að breyta innra skipulagi íbúðar 0201 í íbúðarhúsi mhl.01, á lóð nr. 16 við Hæðargarð.  
Stækkun mhl.01 3.8 ferm., 167.7 rúmm..  
Stærðir mhl.02: 22.0 ferm., 70.4 rúmm.  
Nýtingarhlutfall: 0.54  
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa húsa nr. 14 og 16 dags. 26. mars 2023 ásamt yfirliti breytinga á afriti af aðaluppdrætti samþykktum 14. júlí 1949.  
Gjald kr. 14.000.  
*Frestað. Vísað til athugasemda.*
13. **Kamsvegur 26 - BN061819** Sótt er um leyfi til að byggja stakstæða bílgeymslu, mhl. 03, staðsteyptar undirstöður og botnplata, timbur útveggir og þak, norðaustan við tvíbýlishús á lóð nr. 26 við Kamsveg.  
Stærð: 52,6 ferm., 167,5 rúmm.  
Erindi BN060957 dregið til baka sbr. lýsingu á eyðublaði, nýr aðalhönnuður.  
Gjald kr.13.200.  
*Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnarefirlitsins.*
14. **Klapparberg 15 - USK23030204** Sótt er um leyfi til þess að byggja einnar hæðar timburviðbyggingu með þaksvölum við austurhlíð einbýlishúss, mhl.01, á lóð nr. 15 við Klapparberg.  
Stækkun: 30.8 ferm., 64.8 rúmm.  
Erindi fylgir afrit af aðaltekningum samþykktum 6. nóvember 1980 og skipulagsuppdrætti Breiðholt III dags. 25. ágúst 1975.  
Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2023 var erindi afgreitt - ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Samræmist hverfisskipulagi.  
Gjald kr. 14.000.  
*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Frágangur á lóðarmörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
15. **Laugavegur 81 - USK23040103** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna lokaúttektar á innra skipulagi verslunar- og íbúðarhúss á lóð nr. 81 við Laugarveg.  
Jafnframt er í vísað í erindi USK23020320 sem dregið hefur verið til baka.  
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 14. apríl 2023.  
Gjald kr. 14.000.  
*Frestað. Vísað til athugasemda.*

16. **Nýlendugata 19B - BN060839** Sótt er um leyfi til að lækka gólf kjallara og innrétta þar íbúðarrými, grafa frá kjallara, gera nýjan inngang og verönd, byggja verönd og svalir á suðurhlíð 1., 2. og 3. hæðar, færa inngang frá gafla á suðurhlíð, bæta við glugga á götuhlíð, breyta innra skipulagi á öllum hæðum og sameign í kjallara og innrétta 4 íbúðir í húsi á lóð nr. 19 við Nýlendugötu.  
Stækkun: xx rúmm.  
Stærð eftir breytingar, A-rými: 252 ferm., 662,1 rúmm.B-rými: 4,2 ferm.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 20. júlí 2021, umsögn Borgarsögusafns dags. 28. júlí 2021 og yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 12.600.  
*Frestað. Vísað til athugasemda.*
17. **Pósthússtræti 3 - USK23040169** Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059551, með síðari breytingum BN061103 og BN061733, þannig að innra skipulagi er breytt til þess að bæta við nýju setsvæði fyrir mathöllina Pósthússtræti 3-5, á 1. hæð í húsi á lóð nr. 3 við Pósthússtræti.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.  
Gjald kr. 14.000.  
*Frestað. Vísað til athugasemda.*
18. **Skógarhlíð 18 - USK23050237** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061419 vegna lokaúttektar þannig að gerðar eru skábrautir að svölum og brunamerkingum breytt í heilsugæslu í húsi á lóð nr. 18 við Skógarhlíð.  
Gjald kr. 14.000.  
*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.*
19. **Suðurgata 33 - USK23040170** Sótt er um leyfi til þess að endurbyggja með nýju gluggakerfi, sem hefur í för með sér smávæglegar breytingar á útliti, glerstofu á austurhlíð parhúss mhl.01 og mhl.02, á lóð nr. 33 við Suðurgötu.  
Stærðir eru óbreyttar.  
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 18. apríl 2023.  
Gjald kr. 14.000.  
*Frestað. Vísað til athugasemda.*
20. **Svarthöfði 1 - USK23040140** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými umferðaljósa milli mátlína 6 og 8, gerð grein fyrir áður gerðu millilofti, stiga og það stækkað í atvinnuhúsi á lóð nr. 1 við Svarthöfða. Erindi fylgir yfirlit breytinga. Stækkun: xx ferm. Gjald kr. 14.000.  
*Frestað. Lagfæra skráningu.*
21. **Sólheimar 19 - USK23040137** Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir skábraut að aðalinngangi í tengibyggingu mhl.05, breyta útliti og innra skipulagi færanlegra leikskólastofa, mhl.03, mhl.04 við Sólheima 19-21 á lóð nr. 19 við Sólheima.  
Erindi fylgir mæliblað 1.433.2 dags. 20. febrúar 2012 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 7. júní 2011.  
Gjald kr. 14.000.  
*Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.*
22. **Tjarnargata 37 - USK23040196** Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja verönd/pall við suðurhlíð og gera þaksvalir á skála við vesturhlíð einbýlishúss á lóð nr. 37 við Tjarnargötu.  
Gjald kr. 14.000.  
*Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

23. **Tröllaborgir 14 - USK23020323** Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum og byggja einnar hæðar steinsteypa viðbyggingu við norðurgafli íbúðar 0102 með þaksvölum fyrir íbúð 0201 í íbúðarhúsi á lóð nr. 14 við Tröllaborgir.  
Stækkun: 36.8 ferm., 102.9 rúmm.  
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa og afrit af eldri samþykktum aðaluppdráttum.  
Gjald kr. 14.000.  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
24. **Vesturgata 35A - USK23030081** Sótt er um leyfi til þess að hækka um eina hæð, gera kvist og svalir á einbýlishúsi nr. 35A, mhl.02 á lóðinni Vesturgata 35A og 35B.  
Stækkun: 35.4 ferm., 112.6 rúmm.  
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa í húsi nr. 35B, MHL.01 og aðliggjandi lóðarhafa í húsi nr. 35 dags. 5. mars 2023, umsögn Minjastofnunar dags. 4. janúar 2023, afrit af umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2022 og yfirlit breytinga á aðalteikningum samþykktum 7. júní 2005.  
Gjald kr. 14.000.  
*Frestað. Vísað til athugasemda.*
25. **Öldugata 14 - USK23040198** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, taka í notkun háaloft og til að skipta einbýlishúsi upp í tvær sjálfstæðar eignir á lóð nr. 14. við Öldugötu.  
Stærðarbreyting v. háalofts: 83.9 ferm., 0,0 rúmm.  
Gjald kr. 14.000.  
*Frestað. Vísað til athugasemda.*

Fundi slitið kl. 11:15

Nikulás Úlfar Másson  
Edda Þórsdóttir  
Kristín B I. Sverrisdóttir  
Sigrún Reynisdóttir  
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir